



Til: matthildur@skipulag.is
Efni: Efnistaka í Rauðamel og í Stapafelli og Súlum bæði svæði á Reykjanesi - umsögn um tillögu að matsáætlun
Upplýsingar: Sent: 02.05.2018 17:37:01 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018040024, Bréfalyklar: 42-8 Umsögn um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2018040024

Vísað er til bréfa frá Skipulagsstofnun, dags. 9. og 17. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlanir vegna efnistöku annars vegar í Stapafelli og Súlum á Reykjanesi og í Rauðamel á Reykjanesi. Framkvæmdaraðili í báðum tilvikum eru Íslenskir Aðalverktakar.

Náttúrufræðistofnun telur að báðar matsáætlanirnar geri grein fyrir flestum þeim þáttum sem þarf að fjalla um í matsskýrslu. Náttúrufræðistofnun telur hins vegar að eðlilegra hefði verið að gera eina matsskýrslu fyrir bæði svæðin.

Hvað Rauðamel varðar vill Náttúrufræðistofnun benda á að það eru ekki margir staðir á Íslandi þar sem er að finna setmyndanir, sjávarset og jökulberg, frá því fyrir 35.000 árum en þar er að finna vitnisburð um hlýskeið og jökulskeið ísaldar sem er sjaldgæft á landsvísi. Einnig leggjast yngri setmyndanir, um 12.000 ára, ofan á þessi lög og í þeim hafa fundist skeljar og svampar. Námuvinnsla hefur gert þessi setlög sýnilegri en ella og er talið að þau geti verið allt að 20 m þykk.

Náttúrufræðistofnun telur að skoða þurfi hvort ekki eigi að vernda snið í námunum til framtíðar svo þar megi skoða þessa þætti í jarðsögu landsins. Tillaga um vernd í Rauðamel kom fram við gerð tillögu að náttúruverndaráætlun 2004-2008, **Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Aðferðafræði, Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar bls. 104-105**, þar sem lagt var til að vernda norðaustur hluta hans. Þetta þarf að skoða við gerð matsskýrslu.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við framangreindar matsáætlanir.



20180430112940683.pdf

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

